

## **Skilmálar vegna afnota af spjaldtölvu.**

1. Spjaldtölvun sem skilmálar þessir taka til er eign Kópavogsbæjar. Nemandinn hefur afnot af spjaldtölvu á starfstíma skóla, svo lengi sem nemandinn er skráður í grunnskóla í Kópavogi. Í lok hvers skólaárs skal nemandi skila spjaldtölvunni ásamt hleðslutæki til skóla.
2. Kópavogsbær áskilur sér rétt til að innkalla spjaldtölvuna tímabundið vegna viðgerða eða þjónustu. Skal nemandi þá úthlutað láns spjaldtölvu á meðan svo ekki verði truflun á námi nemandans. Komi upp grunur um misnotkun eða brot á skilmálum þessum getur skóli, að höfðu samráði við foreldra/forráðamenn, óskað eftir að spjaldtölvu sé innkölluð til að hreinsa af henni óæskileg gögn eða yfirfara notkun.
3. Kópavogsbær setur upp á spjaldtölvunni forstillingar sem leyfa umsýslu og utanumhald sem nauðsynleg eru til að hægt sé að þjónusta spjaldtölvuna. Tækið er skráð í umsýslukerfi sem gerir kleift að senda námsefni og hugbúnað á spjaldtölvuna. Kópavogsbær annast þjónustu við spjaldtölvuna, þar með talið skráningu hennar á þráðlaust net í skóla samkvæmt reglum sem um það gilda.
4. Kópavogsbær sér um að stofna þá aðganga sem nemandi þarf til að nota í námi. Tæknistjóri og deildarstjórar í upplýsingatækni í hverjum skóla hafa aðgang að innskráningarupplýsingum nemenda.
5. Þegar spjaldtölvun er afhent nemandi þarf að slá inn á tækinu lykilnúmer (passcode) sem Kópavogsbær úthlutar og notað er til að opna spjaldtölvuna. Umsjónarkennari og nemandi ásamt foreldrum/forráðamönnum fá þetta númer afhent.
6. Nemanda er heimilt að taka spjaldtölvuna með sér heim að loknum skóladegi í 5.-10. bekk en skal hafa hana með sér í skólann á hverjum degi, fullhlaðna. Nemandi ber ábyrgð á sínu hleðslutæki og snúru og er mælst til þess að það sé geymt heima. Glatist eða skemmist hleðslutæki og/eða snúra ber foreldrum/forráðamönnum að útvega nýtt.
7. Notkun spjaldtölvunnar heima fyrir skal vera í samráði við foreldra og skal nemandi fylgja þeim reglum sem foreldrar setja. Komi í ljós að mati skólans eða foreldra/forráðamanna að nemandi eigi í erfiðleikum með þessa ábyrgð geta foreldrar/forráðamenn eða skóli ákveðið að tækið sé geymt í skólanum.
8. Undir engum kringumstæðum má nota spjaldtölvuna á ólöglegan hátt. Ekki má setja í hana stolin forrit eða forrit sem breyta stýrikerfi þess eða stillingum. Nemandi skal fara að reglum skóla hvað varðar myndatökur og myndbirtingar.
9. Í spjaldtölvunni er námsefni og ýmiss konar hugbúnaður (öpp) sem ætlaður er til náms. Nemendur hafa ekki aðgang að App Store. Öllum öppum í spjaldtölvum nemenda er dreift með umsýslukerfi bæjarins sem er miðlægt kerfi í umsjón UT deildar. Þegar spjaldtölvunni er skilað í lok skólaárs ber nemandi ábyrgð á að vista persónuleg gögn annars staðar, þar sem spjaldtölvun getur verið uppfærð og enduruppsett áður en hún er afhent á næsta skólaári og eyðast þá öll gögn af spjaldtölvunni.

10. Nemandinn og foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á meðferð og notkun spjaldtölvunnar meðan nemandinn hefur hana til afnota. Nemandi skal gæta þess að fara vel með spjaldtölvuna og sýna ábyrgð í notkun hennar. Nemandi fær eitt hulstur afhent með spjaldtölvunni og ekki er heimilt að taka hana úr hulstrinu.

- Ef spjaldtölvan bilar eða skemmist, týnist eða henni er stolið skal tilkynna það strax til skólans og útvegar Kópavogsbær nemandanum spjaldtölvu í staðinn.
- Ef spjaldtölvu er tilkynnt týnd eða stolin er starfsfólk Kópavogsbærar heimilt að nýta staðsetningarmerki (Find my iPad) til að staðsetja spjaldtölvuna.
- Ef um vísvitandi skemmdarverk, verulega vanrækslu er að ræða eða ef námstæki er ekki skilað ber foreldrum/forsjáraðilum að bæta Kópavogsbæ tækið.

11. Nú færist nemandi á milli skóla innan Kópavogsbærar. Heldur hann þá áfram sömu afnotum af spjaldtölvunni og annast Kópavogsbær tilfærslu á skráningu spjaldtölvunnar innan tölvukerfis grunnskólanna.

12. Þegar nemandi hættir eða útskrifast úr grunnskólum Kópavogs skal hann skila spjaldtölvunni hreinni í hulstri til skóla ásamt hleðslutæki og snúru. Við útskrift úr grunnskóla er persónulegum skólaaðgangi nemanda að gögnum lokað eftir einn mánuð frá útskrift og öllum gögnum þar inni eytt. Nemendur fá leiðbeiningar um hvernig þeir geta flatt persónuleg gögn af skólaaðgangi sínum yfir á persónulegan aðgang áður en þeir skila spjaldtölvunni.

13. Skilmálar þessir eru endurskoðaðir árlega. Breytingar eru tilkynntar á vefsíðum skóla og í netpósti til foreldra/forráðamanna.

Uppfært 29. ágúst 2025.

Hér er samantekt á **helstu breytingum** milli útgáfunnar frá **júní 2024** og uppfærðrar útgáfu frá **ágúst 2025** á notendaskilmálum vegna afnota af spjaldtölvu:

---

## Grein fyrir grein – breytingar og útskýringar

### 1. Afhending og skil spjaldtölvu

- **Breyting:** Í nýrri útgáfu er ekki lengur krafist að nemandi skrái sig út af Apple-auðkenni og iCloud-aðgangi við skil. Einnig bætt við skilum á hleðslutækjum

### 6. Spjaldtölvan heima og ábyrgð á hleðslutækjum

- **Breyting:** Ábyrgð á því að útvega nýtt hleðslutæki ef það glatast eða skemmist færist frá nemanda yfir á foreldra/forráðamenn.

### 7. Notkun heima og ábyrgð

- **Breyting:** Greinin um ábyrgð og geymslu tækis heima hefur verið færð úr grein 7 í sérstaka grein (nú grein 7 í nýrri útgáfu, áður hluti af grein 6 og 7).

## 9. Námsöpp og gögn

- **Óbreytt,** en staðsetning greinar hefur færst til (nú grein 9 í nýrri útgáfu, áður grein 10).

## 10. Ábyrgð á meðferð og tjóni

- **Breyting:** Fjárhagsleg ábyrgð foreldra ef tæki skemmist, týnist eða er stolið hefur verið bætt við í nýrri útgáfu.
- **Útskýring:** Skýrir betur ábyrgð í alvarlegum tilfellum og tryggir endurgreiðslu til bæjarins ef um vísvitandi skemmdarverk eða vanrækslu er að ræða.

## 12. Útskrift úr grunnskóla

- **Breyting:** Grein 12 í nýrri útgáfu sameinar fyrri greinar 13 og 14. Skylda til að skila tækinu hreinu og í hulstri er skýrari. Ábyrgð á að vista gögn er nú í einni grein.
- **Útskýring:** Einfaldar og sameinar ferli við útskrift og gögn.



### Greinar sem voru fjarlægðar

- **Grein 13 (2024):** Um flutning nemanda í annað sveitarfélag og skyldu til að skrá sig út af Apple/iCloud.



### Ný atriði í ágúst 2025 útgáfu

- Skýrari ábyrgð foreldra á hleðslutækjum og tjóni.
- Sameining og einföldun á útskriftarferli.
- Fjarlæging á kröfu um útskráningu úr Apple/iCloud.